

Almennur aðgangur að opinberri þjónustu óháð tungumálamærum

Hin raunverulegu mæri innan stafrænnar Evrópu

Árið 2012, á evrópska tungumáladeginum sem haldinn er 26. september ár hvert, gaf META (Multilingual Europe Technology Alliance)¹ út skýrslur sem hlutu athygli í fjölmiðlum² og þóttu boða váleg tíðindi. Í hvítbókaröðinni „Evrópsk tungumál á stafrænni öld“ (Europe’s Languages in the Digital Age)³ var því haldið fram að fæst evrópumál ættu möguleika á að lifa áfram á stafrænni öld. Vissulega er hinn stafræni innri markaður, sem er megintakmark Evrópusambandsins fyrir árið 2020, í grundvallaratriðum byggður á fjöltyngi. Hins vegar njóta fæst evrópumál nægilegs máltæknistuðnings til að unnt sé að lifa daglegu lífi og stunda vinnu og viðskipti óháð tungumálamærum. Þótt tungumálafjölbreytni Evrópu sé dýrmæt getur hún orðið að alvarlegum þröskuldi þegar hún heftir frjálst flæði upplýsinga eða kemur í veg fyrir fullan aðgang að opinberri þjónustu, viðskiptatækifærum, atvinnutækifærum, og hvers kyns stuðningi.

Það er ekki síst á hinum upprennandi stafræna innri markaði sem tungumálaerfiðleikar mynda ósýnileg mæri. 99% allra evrópskra fyrirtækja eru lítil og meðalstór (SME), en aðeins 7% þeirra selja vörur og þjónustu milli landa⁴ og málsvæða. 90% allra evrópskra kaupenda kjósa að skoða vefsíður á eigin tungumáli.⁵ Með því að gefa kost á rauntíma málstuðningi og skapa möguleika á fjöltyngi í daglegu lífi má því ná fram verulegum ávinningi bæði fyrir efnahagslífið og samfélagið. Áætlað er að hinn stafræni innri markaður geti skapað allt að 340 milljarða evra hagvöxt, hundruð þúsunda nýrra starfa, og lifandi og frjótt þekkingarsamfélag.⁶

Ávinningur af nýjum tækifærum

Á evrópska tungumáladeginum 2015, tók framkvæmdastjórn Evrópusambandsins afgerandi skref í átt til raunverulegs fjöltyngis á hinum stafrænan innri markaði með því að opna möguleika á opinberri þjónustu við evrópska borgara óháð tungumálamærum. Hinn sjálfvirki þýðingarvettvangur Connecting Europe Facility (CEF.AT) mun auðvelda fjöltyngd samskipti og skipti á skjölum og öðrum mállegum gögnum milli opinberra stjórnsýslustofnana í ríkjum Evrópu, og milli þessara stofnana og borgara og fyrirtækja. CEF.AT vettvangurinn mun taka til fjölbreyttrar stjórnsýslu á sviði neytendaréttar, heilbrigðismála, opinberra innkaupa, almannatrygginga, menningar o.fl. Hann mun verða grundvöllur ýmissar opinberrar þjónustu á netinu, s.s. upplýsingagáttar menningarminja (Europeana),⁷ opinna gagnagáttar (Open Data Portal)⁸ og vettvangs til að leysa úr ágreiningi (Online Dispute Resolution platform).⁹ Með hjálp CEF.AT færast opinberar stjórnsýslustofnanir um alla Evrópu skrefi nær því að starfa óháð tungumálamærum.

Tækni sem grunnur opinberrar þjónustu óháð mærum

Tæknin á bak við CEF.AT er tölfræðilegt vélþýðingakerfi, MT@EC, sem lærir af tiltækum þýðingum hvernig á að þýða. Í núverandi mynd stendur MT@EC opinberum þjónustustofnunum í Evrópu til boða endurgjaldslaust, innan ramma CEF áætlunarinnar. En vegna þess að kerfið hefur einkum verið þjálfað á þýðingum laga og reglna ESB og textum frá stofnunum sambandsins er það ekki sérlega vel til þess fallið að þjóna daglegum þörfum og kröfum

¹ www.meta-net.eu

² <http://www.meta-net.eu/whitepapers/press-coverage>

³ <http://www.meta-net.eu/whitepapers/overview>

⁴ http://ec.europa.eu/priorities/digital-single-market/docs/dsm-factsheet_en.pdf

⁵ http://ec.europa.eu/public_opinion/flash/fl_313_en.pdf

⁶ <http://ec.europa.eu/digital-agenda/en/news/factsheet-why-we-need-digital-single-market>

⁷ <http://www.europeana.eu/portal/>

⁸ <https://open-data.europa.eu/>

⁹ http://ec.europa.eu/consumers/solving_consumer_disputes/non-judicial_redress/adr-odr/index_en.htm

opinberra stofnana í hinum ýmsu Evrópulöndum. Til að sníða kerfið að þörfum þjónustustofnana um alla Evrópu er nauðsynlegt að afla mállegra gagna og þýðinga (bæði eintyngdra og margtyngdra gagna) sem varða daglegar þarfir stjórnsýslunnar í ríkjum Evrópu.

Með tilstyrk evrópska málfangasamstarfsins (European Language Resource Coordination, ELRC, www.lr-coordination.eu/) ræðst framkvæmdastjórn ESB nú í einstæða söfnun mállegra gagna. Þetta er fyrsta skrefið í átt að því að laga CEF.AT að þörfum opinberra stofnana í öllum ríkjum ESB, auk Íslands og Noregs, og stuðla þannig að uppbyggingu fjöltyngdrar þjónustu fyrir borgara, stjórnvöld og fyrirtæki í Evrópu. Þannig mun ELRC ekki aðeins brúa bilið milli getu þeirra vélþýðingakerfa sem ESB getur nú boðið stjórnvöldum og hinna raunverulegu daglegu þarfa opinberra þjónustustofnana um alla Evrópu, heldur einnig styðja þjóðtungur Evrópu með beinum hætti.

Kynnist starfi ELRC

ELRC samstarfshópurinn vinnur nú að því að skipuleggja vinnustofur í öllum þátttökuríkjunum 30, til að vekja athygli á því hversu mikilvæg málleg gögn sem stjórnvöld búa yfir geta verið fyrir opinberar stofnanir. Til að allir hagsmunaaðilar komi að því að sníða CEF.AT að eigin þörfum býður ELRC fulltrúum frá öllum opinberum þjónustustofnunum Evrópu að taka þátt í vinnustofum, hver í sínu landi. Á hverri vinnustofu munu boðsfyrirlesarar frá framkvæmdastjórn ESB, innlendum þjónustustofnunum og stjórnsýslustofnunum, svo og fyrirtæki og fræðimenn á sviði máltækni, vinna saman að því að greina þarfir opinberrar stjórnsýslu í landinu hvað varðar vélþýðingar, benda í sameiningu á hvar nýtileg fjöltyngd gögn sé að finna, og ræða hvers kyns tæknileg og lagaleg mál sem koma upp við nýtingu á gögnum í vélþýðingum. Upplýsingar um stað og tímasetningu vinnustofanna, svo og skráningu á þær, verða á www.lr-coordination.eu/events. Vænst er sem víðtækrastrar þátttöku í þessu átaki.